



# HLUTAÚTTEKT

## Hjúkrunarheimilið Kumbaravogi

Úttekt Embættis landlæknis á  
gæðum og öryggi þjónustu á  
Kumbaravogi

Gerð í febrúar 2015



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

*Hlutaúttekt. Hjúkrunarheimilið Kumbaravogur*

**Höfundar:**

Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri  
Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Útgefandi:**

Embætti landlæknis  
Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2015

© 2015 Embætti landlæknis  
Leyfilegt er að afrita og nota efni þessa rits,  
sé heimildar getið.

# Hlutaúttekt

## Hjúkrunarheimilið Kumbaravogi

Úttekt Embættis landlæknis á gæðum  
og öryggi þjónustu á Kumbaravogi

Gerð í febrúar 2015

## INNGANGUR

Að beiðni velferðarráðuneytisins, sem barst þann 14. janúar 2015, gerði Embætti landlæknis hlutaúttekt á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi í ljósi rekstrar- og þjónustuvanda heimilisins. Þann 15. janúar 2015 sendi embættið spurningalista til hjúkrunarforstjóra og framkvæmdastjóra Kumbaravogs þar sem óskað var eftir ákveðnum upplýsingum í tengslum við úttektina. Svör frá hjúkrunarforstjóra bárust til embættisins 27. janúar 2015 en framkvæmdastjóri heimilisins neitaði að svara.

## AÐFERÐIR

Fulltrúar embættisins, Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri og Sigríður Egilsdóttir verkefnisstjóri fóru í heimsókn á Kumbaravog þann. 30. janúar 2015 og ræddu við Margréti B. Ólafsdóttur hjúkrunarforstjóra og skoðuðu heimilið. Guðni Kristjánsson framkvæmdastjóri var kallaður til og svaraði því að ekki hefðu verið gerðar sérstakar aðhaldsaðgerðir varðandi rekstur síðan úttekt Embættis landlæknis fór fram í september 2012 en sat ekki fundinn að öðru leyti.

Tekið skal fram að embættið gerði heildarúttekt á starfsemi Kumbaravogs í september 2012 og voru niðurstöður þeirrar úttektar hafðar til hliðsjónar í þeirri hlutaúttekt sem nú hefur farið fram.

## NIÐURSTAÐA EMBÆTTIS LANDLÆKNIS AÐ LOKINNI HLUTAÚTTEKT

Í byrjun janúar 2015 hafði hjúkrunarforstjóri Kumbaravogs samband við Embætti landlæknis og lýsti yfir áhyggjum sínum vegna þess að framkvæmdastjóri hafði sagt upp 2 stöðugildum hjúkrunarfræðinga, þ.á.m. hjúkrunarforstjóranum, á heimilinu og yrði þá aðeins hjúkrunarfræðingur í 40% stöðu á heimilinu þegar sú uppsögn tæki gildi. En í lok janúar var hjúkrunarforstjórinn endurráðinn í 80% starfshlutfall en hin uppsögnin hefur ekki verið dregin til baka (þegar sú uppsögn kemur til framkvæmda verða stöðugildi hjúkrunarfræðinga á heimilinu 1.2).

Embætti landlæknis gerði í úttektinni í september 2012 meðal annars athugasemdir við mönnun fagfólks en ljóst er að ekki hefur verið tekið tillit til þeirra.

Framkvæmdastjóri hafði síðan 2012 fækkað stöðugildum hjúkrunarfræðinga um 0,2 (áður en til uppsagna þeirra kom) og stöðugildum sjúkraliða um 2,4. Nú eru stöðugildi starfsfólks á Kumbaravogi við hjúkrun/umönnun (hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, félagsliðar og ófaglært starfsfólk) 24,3 og þar af eru stöðugildi fagfólks 9,5.

Hlutfall faglærðra starfsmanna á Kumbaravogi við hjúkrun/umönnun er 39,1% en í faglegum viðmiðum Embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum er æskilegt hlutfall faglærðra við umönnun talið vera 77,87% og lágmarkshlutfall til að hægt sé að tryggja öryggi þjónustunnar er 57,13%, þannig að töluvert vantar á að fagleg mönnun sé nægjanleg. Umönnun íbúa á Kumbaravogi er því að verulegu leyti veitt af ófaglærðu starfsfólki.

Varðandi mönnunarmál þá hefur framkvæmdastjóri ekki séð ástæðu til að minnka starfshlutfall sjúkraþjálfara sem er í 100% starfi. Embætti landlæknis gerir athugasemdir við vinnubrögð sjúkraþjálfara hvað varðar skráningu; hvergi er að finna meðferðaráætlun þar sem fram kemur ástæða og markmið með þjálfun og hvorki framvindumat né mat á því hvort meðferð hafi skilað árangri. Aðstaða sjúkraþjálfara er í öðru húsi sem tilheyrir heimilinu, (Snekkjuvogi) og komast fæstir íbúanna þangað út. Að sögn hjúkrunarforstjóra hefur sjúkraþjálfari lítið sem ekkert samband við

hjúkrunarfræðinga á heimilinu, hún kemur ekki á ákveðnum tímum og lætur sjaldnast vita hvað hún gerir eða hvern hún meðhöndlar. Hjúkrunarfræðingar skrá í RAI mat þá tíma sem sjúkraþjálfari gefur upp.

Fram kom að hjúkrunarforstjóri hefur orðið var við breytta líðan starfsfólks í kjölfar óvissuástands sem ríkir um rekstur heimilisins. Þetta ástand skapar vissa starfsóánægju, fólk hefur áhyggjur af starfsöryggi sínu og vill fá að vita hvert stefnir.

Einnig hefur orðið vart við auknar kvartanir íbúa og aðstandenda varðandi húsnæði og aðbúnað. Töluvert er kvartað yfir kulda í húsnæðinu, að sögn hjúkrunarforstjóra eru margir ofnar í húsinu bilaðir og ekki hirt um að lagfæra þá eða endurnýja. Einnig eru gluggar ekki nægilega þéttir. Þá hafa aðstandendur kvartað yfir þvotti á heimilinu og hafa nokkrir þeirra gripið til þess ráðs að þvo sjálfir þvott fyrir sitt fólk.

Lítið sem ekkert hefur verið unnið í gæða- og öryggismálum frá úttekt 2012 en Embætti landlæknis gerði athugasemdir við öryggismál, meðal annars brunavarnir. Rýmingaráætlun er til fyrir hluta af aðal húsinu, en ef til þess kemur að rýma þarf húsið þá er illmögulegt að koma rúmum út um þær einu dyr sem eru nógu stórar, bæði er að hurð er biluð og ekki hægt að opna með góðu móti, auk þess sem það er nokkuð hár stallur niður á jörðina fyrir utan. Að sögn hjúkrunarforstjóra hefur aldrei verið höfð brunaæfing frá því hún tók við starfi árið 2010. Í Snekkjuvogi eru 2 íbúar í hjúkrunarrými, 4 í dvalarrými og 2 leigjendur. Einn íbúinn í því húsi keypti sér sjálfur reykskynjara þar sem hann var hræddur um að kviknað gæti í vegna reykinga í húsinu sem er illa hirt timburhús og engin rýmingaráætlun eða brunavarnir þar.

Varðandi gæðamál hefur að sögn hjúkrunarforstjóra ekki verið unnt að fylgjast markvisst með niðurstöðum RAI mats, svo sem gæðavísunum, vegna manneklu, lélegrar starfsaðstöðu og skorts á tölum.

Embætti landlæknis gerði töluverðar athugasemdir við húsnæði heimilisins í úttektinni árið 2012 en lítið sem ekkert hefur verið gert í þeim málum þrátt fyrir margítrekaðar ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Viðhaldi húsnæðis hefur ekki verið sinnt, t.d. eru gluggar óþéttir, rignir bæði og blæs inn um þá. Pípulagnir og raflagnir hanga niður úr loftum sums staðar, gólfdukar lélegir og slitnir og annað eftir því. Húsgögn og innréttingar er úr sér gengið, rúm íbúanna eru flest um eða yfir 30 ára gömul og lín, svo sem rúmfatnaður, ekki verið endurnýjað í mörg ár.

Það er mat Embættis landlæknis að rekstur hjúkrunarheimilisins Kumbaravogs uppfylli ekki lágmarkskröfur um mönnun, húsnæði, aðstöðu, tæki og búnað til reksturs heilbrigðisþjónustu, sbr. 7. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr.41/2007, og leggur áherslu á að hið fyrsta verði gripið til viðeigandi ráðstafana varðandi rekstur hjúkrunarheimilisins Kumbaravogs.